



tonihar008

54 Evrópumótið í bridge er hálfnað í dag. Ef við verðum á toppnum fyrir 16 umferð þá eigum við séns segir Jón. Það gæti verið rétt hjá honum. Nú hefst hjá okkur gríðarlega erfitt program við allar sterkustu þjóðirnar, sumar meðal þeirra allra sterkustu í heiminum.

Mánudagur 11.júní

Leikur 16

Frakkland

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 48-31 14,39 stig

Þar hefur gengið hörmulega hjá Evrópumeisturum Frakka. Þeir eru með okkur hér á hóteli og þeir virka ekkert kátir með stöðuna. Vegna veikinda urðu þeir að breyta liðinu á síðustu stundu auk þess sem einn af þeirra aðalköllum, Quantin, er ekki með. Frakkarnir eru alltaf sterkir og það er mikil bridgehefð í landinu. Fyrir 4 árum tóku þeir okkur í kennslustund og hreinsuðu okkur 20-0

Matti og Alli áttu stórleik auk þess sem lánið var með þeim líka. Leikurinn var á rama og það má finna fælinn á bbo. Svo er ég viss um að við fáum einhverjar línur í mótisblaðinu sem má finna á heimasíðu mótsins. Þar eru snjallir og skemmtilegir pennar á ferð.



Leikur 17

Portugal

NS Matti-Alli

AV Ómar-Raggi

Í impum 16-37 4.81 stig

Portugalar eiga hér mjög misjafna leiki. Tapa stórt og eiga flotta sigra á milli. Jójó lið. Við þurftum að hitta á þá á réttu augnabliki. En þetta var ekki rétti tíminn til að hitta þá. Það gekk allt upp hjá þeim og lánið lék við þá í nokkrum spilum. En þetta var viðbúið, það kom að því að liðið fékk skell. Lengi vel stefndi í stærri ósigur en 14 inn í síðasta spili lagaði stöðuna aðeins.

Spil 16 V/AV

♠ J2

♥ 32

♦ 753

♣ QT8643

♠ AKT873

♥ K6

♦ A98

♣ 95

♠ Q

♥ QJ9875

♦ T2

♣ AKJ2

♠ 9654

♥ AT4

♦ KQJ64

♣ 7

Þetta spil var eini ljósi punkturinn í leiknum. Í opna salnum villtust andstæðingarnir í 5 spaða sem fóru 300 niður. Ómar og Raggi stoppuðu í 4h eftir relay. Út tígulkingur sem Raggi drap, fór heim á spaða drottningu og tók tvo efstu í laufi. Suður trompaði það en trompásinn varð síðasti slagur varnarinnar sama hvað hún gerir. +620

Jafet lítur við milli funda. Þennan morguninn kom hann hjólandi.



Leikurinn við Portugal að hefjast

Nú mætti halda að spilamennskan hafi verið slæm en svo var alls ekki. Ómar og Raggi áttu fínan leik. Við reyndum of mikið í spili 2 og fórum fjóra niður á geimi sem lá illa. Þar gerði Portugalinn vel að passa minigrandið hjá Ómari á 14 punkta og komast aldrei inn í sagnir. Matti doblaði minigrandi í opna salnum og þá var erfitt að stoppa. Portúgalarnir grísuðu á vonda slemmu í spili 4 þar sem ekki hittist á rétt útspil. Og nú var Portúgölum farið að líða vel og gerðu flest allt rétt.

Spil 6 A/AV

♠ K964	♠ AQ
♥ K765	♥ A843
♦ T53	♦ J9
♣ J5	♣ AT964
♠ J32	
♥ --	
♦ K87642	
♣ KQ32	
♠ T875	
♥ QJT92	
♦ AQ	
♣ 87	

Portúgalinn spilaði 5 lauf á þetta í austur og útspil var hjarta drottning. Ekki merkilegt spil, allt liggur og þú vinnur 6 lauf hratt ef þú ert í þeim. Þegar Portúgalinn var búinn að hugsa í 4 mínútur án þess að setja spil í þá kallaði Matti á keppnisstjórann til að benda á slow-play. Ok, 8 mínútum seinna kallaði Alli á keppnisstjórann þegar ekkert hafði gerst ennþá. Portugalinn, með fínt blað var farinn að beita öllum sálfræðibrögðum í bókinni til að trufla og pirra okkar menn því ekki var spilið svona flókið. Á 25 mínútum náði hann að klóra heim 11 slagi. Tveim spilum seinna opnaði sami gaur á 1 spaða í 3ju hönd, allir utan ; T62, 53, 65, J96543 og Matti og Alli eiga slemmu sem þeir þó fara sennilega ekki í. Eftir þetta spil fékk hann reiðilestur hjá makker sínum. Frá mér séð þá var þessi kauði bara illa innrættur dóni, sennilega frændi Ronaldo.

Leikur 18

Noregur

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 33-50 5,61 stig

Normenn eru hér að gera miklu betur en ég átti von á. Boye Brogelend fer þar fremstur og það sést líka á bötlernum. Hann og Lindquist eru atvinnumenn með samning í Bandaríkjunum og spila þar um efstu sæti að staðaldri. Það eru hinir í liðinu sem eru að koma mér á óvart. Við Íslendingar þekkjum Boye orðið mjög vel, hann er hér fastagestur á bridgehátíð og auk þess var hann með í Siglufjarðarmótinu; northern lights, s.l. haust. Hann er einstakt ljúfmenni, sérlega kurteis og viðkunnanlegur. Þó var það algjör óþarfi hjá honum að gera svona vel á móti okkur. Þessi leikur var á bbo og fællinn er þar fyrir þá sem vilja skoða. Jón fékk hárin til að rísa þegar hann valdi 6nt í stað 6h. Hann taldi 6h ekki eiga mikla möguleika eftir að Bessi einhverra

hluta vegna neitaði hjarta drottningunni sem hann átti. Þetta leit ekki svo illa út fyrir síðasta spil, tapið í lágmarki. Þá lenti Raggi í snúnum 3nt í algjöru tímahraki sem hann hitti ekki í. Það var sárt.



Jón Baldursson var tvítugur þegar hann fór á sitt fyrsta Evrópumót. Hann er okkar frægasti, litríkasti og besti spilar. Þetta er 16. Evrópumótið hans, hér þekkja hann allir. Jón hefur spilað við þá nokkra gegnum tíðina, þessir hafa spilað við hann á EM.

1975	Jakob R.Möller
1983	Sævar Þorbjörnsson
1985	Sigurður Sverrisson
1987	Sigurður Sverrisson
1991	Aðalsteinn Jörgensen
1993	Sævar Þorbjörnsson
1995	Sævar Þorbjörnsson
1997	Sævar Þorbjörnsson
2001	Karl Sigurhjártarson
2004	Þorlákur Jónsson
2006	Þorlákur Jónsson
2008	Þorlákur Jónsson
2010	Þorlákur Jónsson
2012	Þorlákur Jónsson
2014	Sigurbjörn Haraldsson
2018	Sigurbjörn Haraldsson

tonihar008, 12.júní 2018
tonihar@simnet.is

Eftir hikst í upphafi móts hafa bæði kvenna og senioraliðið spítt í lófana og unnið góða sigra. Það hefir bara verið einhver sviðsskrekur í þeim. Nú er allt á beinni uppleið upp töfluna.

Hvað þýðir sögnin?

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
2 ♠*	pass	3 ♣*	3 ♥
Pass	4 ♠ ?		

2spaðar er tartan og 3 lauf er leitandi. Svar síðar.

Umferð 15 S/ALL

♠ Q	
♥ T953	
♦ 8	
♣ KQT9532	
♠ KT754	♠ A863
♥ 72	♥ AQ84
♦ KQJ32	♦ A75
♣ 7	♣ 64
♠ J92	
♥ KJ6	
♦ T964	
♣ AJ8	

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
	Jón		Bessi
			Pass
Pass	3 ♣	dobl	4 ♣
4 ♠	5 ♣	dobl	allir pass

Þetta var samkomulagsatriði þeirra félaga að mega hindra á 3 og fórna svo í 5 á hættunni! Íslenski stíllinn á ferð. Melda ef það kemur til greina. Fearless bidding” Mér verður oft um og ó að horfa á yfirmeldingarnar á köflum, en ef við skorum meira en við gefum út þá er erfitt að gagnrýna þetta. Hér fengum við 10 impa. Mjög fáir fundu þessa fórn.